

Landssamband Íslenskra verzlunarmanna

Ársreikningur

2019

Landssamband ísl. verzlunarmanna
Kringlunni 7
103 Reykjavík
kt. 420269-0489

Landssamband Íslenzkra verzlunarmanna

Ársreikningur

2019

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-9

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Landssambands íslenzkra verzlunarmanna.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Landssambands íslenzkra verzlunarmanna („sambandið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggrri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi sambandsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafi engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið getu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík 15. apríl 2020

KPMG ehf.

Skýrsla stjórnar

Tilgangur LÍV er að efla samtök skrifstofu- og verslunarfólks, vera málsvari þeirra og hafa á hendi forystu í hagsmunamálum þeirra. Skrifstofa LÍV veitir félögunum almenna þjónustu vegna kjarasamninga og skyldra mála. Ennfremur starfar LÍV að starfsmenntun verslunarfólks og hefur haft á hendi kjarasamningagerð fyrir öll aðildarfélögin önnur en VR.

Á árinu fækkaði aðildarfélögum og deildum um eitt við sameiningu VR og Verslunarmannafélags Suðurnesja. Aðildarfélög og deildir í árslok voru því tíu talsins.

Að áliti stjórnar Landssambands íslenskra verzlunarmanna koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Á árinu námu tekjur umfram gjöld 3,5 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir sambandsins kr. 42,9 m.kr., bókfært eigið fé í árslok er 42,9 m.kr. og er eiginfjárlutfall félagsins 100%.

Stjórn sambandsins vísar til ársreikningsins varðandi breytingar á eigin fé á árinu.

Í samræmi við samþykktir 23. og 25. þings sambandsins á árunum 2002 og 2005 sér VR um að reka skrifstofu LÍV og er núgildandi samningur frá 17. nóvember 2015. Samkvæmt samningnum skal árlegur skattur aðilarfélaga til LÍV renna óskiptur til VR til að standa straum af kostnaði við rekstur sambandsins fyrir utan kr. 2.251.243 á árinu 2019, sem lagðar skulu til hliðar og bætast við peningalegar eignir LÍV. Fjárhæðin hækkar/lækkar í takt við innheimtan skatt LÍV hjá aðildarfélögunum.

Stjórn Landssambands íslenskra verzlunarmanna staðfestir hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík 15. apríl 2020

Í stjórn

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur			
Skattur frá félögum		<u>244.056.088</u>	<u>222.926.769</u>
Rekstrargjöld			
Skattur til ASÍ		171.529.608	156.586.723
Þjónustusamningur við VR		35.912.898	40.290.233
Skattur til erlendra samtaka		13.084.413	10.170.345
Laun og launatengd gjöld	3	13.019.400	10.469.059
Ferðakostnaður og fundir		7.377.726	2.457.584
Annar kostnaður		<u>880.800</u>	<u>893.614</u>
		241.804.845	220.867.558
Rekstrarhagnaður		2.251.243	2.059.211
Fjármunatekjur		1.612.530	1.758.402
Fjármagnstekjuskattur		<u>(354.758)</u>	<u>(386.843)</u>
Rekstrarniðurstaða		<u><u>3.509.015</u></u>	<u><u>3.430.770</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Viðskiptakröfur		0	2.059.211
Handbært fé	4	42.867.052	37.298.826
Eignir samtals		42.867.052	39.358.037
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	5	42.867.052	39.358.037
Eigið fé samtals		42.867.052	39.358.037

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða		2.251.243	2.059.211
Viðskiptakröfur, lækun (hækkun)		2.059.211	(2.059.211)
Veltufé frá rekstri án fjármagnsliða		4.310.454	0
Innborgaðir vextir		1.257.772	1.371.559
Handbært fé frá rekstri		5.568.226	1.371.559
Hækkun handbærs fjár		5.568.226	1.371.559
Handbært fé í upphafi árs		37.298.826	35.927.267
Handbært fé í lok árs		42.867.052	37.298.826

Skýringar

1. Starfsemi

Landsamband íslenskra verzlunarmanna var stofnað 2. júní 1957. Í því eru 10 verzlunarmannafélög og deildir verzlunarmanna víðsvegar á landinu með 40.886 fullgilda félagsmenn, skv. skilagreinum frá aðildarfélögum LÍVog hafði fjölgað um 1.302 félagsmenn á árinu.

Tilgangur LÍV er að efla samtök skrifstofu- og verzlunarfólks, vera málsvári þeirra og hafa á hendi forystu í hagsmunamálum þeirra.

Skrifstofa LÍV veitir félögunum almenna þjónustu vegna kjarasamninga og skyldra mála. Ennfremur vinnur LÍV að starfsmenntun skrifstofu- og verzlunarfólks og hefur haft á hendi kjarasamningagerð fyrir öll aðildarfélögin önnur en VR.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Landssambands íslenskra verzlunarmanna fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

3. Laun og launatengd gjöld

	2019	2018
Laun	10.527.459	8.567.823
Lífeyrissjóður	1.587.628	1.084.626
Önnur launatengd gjöld	904.313	816.610
	<u>13.019.400</u>	<u>10.469.059</u>
Stöðugildi að meðaltali	0,8	0,8

Laun stjórnar námu á árinu 2019 6,2 m.kr., þar af námu laun formanna kr. 6,0 m.kr.

4. Handbært fé

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2019	31.12.2018
Íslandsbanki 0526-26-480	17.936	17.917
Íslandsbanki 0526-18-650293	42.849.116	37.280.909
	<u>42.867.052</u>	<u>37.298.826</u>

Skýringar

5. Eigið fé

	<u>31.12.2019</u>	<u>31.12.2018</u>
Eigið fé 1.1.2019	39.358.037	35.927.267
Tekjur umfram göld	<u>3.509.015</u>	<u>3.430.770</u>
Eigið fé 31.12.2019	<u>42.867.052</u>	<u>39.358.037</u>

6. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru aðildarfélög LÍV. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

7. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 15. apríl 2020

Sundurliðanir

	2019	2018
Rekstrarkostnaður		
Laun og launatengd gjöld		
Laun	10.527.459	8.567.823
Launatengd gjöld	2.491.941	1.901.236
	<u>13.019.400</u>	<u>10.469.059</u>
Ferðakostnaður og fundir		
Ferðakostnaður og dagpeningar innanlands	1.119.261	1.255.858
Ferðakostnaður og dagpeningar erlendis	1.665.737	612.844
Fundir og ráðstefnur	4.592.728	588.882
	<u>7.377.726</u>	<u>2.457.584</u>
Annar kostnaður		
Bifreiðastyrkur og aðkeyptur akstur	400.075	345.516
Hugbúnaður og kostnaður við vefsíðu	272.405	78.156
Endurskoðun	189.310	178.302
Annar kostnaður	19.010	291.640
	<u>880.800</u>	<u>893.614</u>
	<u>34.362.339</u>	<u>23.990.602</u>

Undirritunarsíða

Vinsamlega undirritaðu ársreikninginn
Ragnar Þór Ingólfsson